

## Hvað er best í GOGG?

Okkur vantar aðstoð við að vinna leiðarljós eða gildi GOGG.

Ert þú til í að segja okkur hvað það er sem þér finnst best í GOGG og jafnvel segja okkur hvers vegna? Þetta má vera í stikkorðum eða lengri texta, það má líka vera mynd eða bæði mynd og texti. Við vinnum svo úr því efni sem kemur inn og höldum svo óformlega kosningu um gildi GOGG þegar sumarið kemur.

Gildin eru okkar merking í lífinu; það sem við stöndum fyrir og viljum vinna stöðugt að.

Hægt er að senda upplýsingarnar í tölvupósti á [gogg@gogg.is](mailto:gogg@gogg.is) eða hringja í síma 480-5500 og fá samband við Gerði fyrir 20. maí.



480. fundur Sveitarstjórnar  
Grímsnes- og Grafningshrepps  
1. apríl 2020 kl. 09:00 - 11:55  
Stjórnsýsluhúsinu Borg

### Sveitarstjórnarmenn

- Ása Valdís Árnadóttir í fjarfundarbúnaði
- Björn Kristinn Pálmarsson í fjarfundarbúnaði
- Smári Bergmann Kolbeinsson
- Ingibjörg Harðardóttir
- Bjarni Þorkelsson í fjarfundarbúnaði

Fundargerð ritaði: Ingibjörg Harðardóttir

Oddviti leitar afbrigða.

*Samþykkt samhljóða*

a) Næsti fundur sveitarstjórnar.

#### 1. Tilboð í hönnun og eftirlit í lagningu göngustíga á Borg.

Fyrir liggja tilboð í hönnun, teikningar, gerð kostnaðaráætlunar og eftirlit í lagningu göngustíga á Borg. Fjögur tilboð bárust, frá Eflu kr. 2.237.146, Hnit kr. 7.831.840, Mannvit kr. 6.175.200 og Verkís kr. 4.987.136. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka lægsta tilboði, frá Eflu. Oddvita / sveitarstjóra falið að skrifa undir samninginn.

#### 2. Fundargerðir.

a) Fundargerð oddvita/sveitarstjóra í yfirstjórn velferðarmála í Árnesþingi (NOS), 10. mars 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Fundargerð 4. fundar Almannavarnarnefndar Árnessýslu, 3. febrúar 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

c) Fundargerð 13. fundar stjórnar Bergrisans, 17. febrúar 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**3. Viðbragðsáætlun vegna innra starfs og þjónustu á vegum sveitarfélagsins við heimsfaraldri inflúensu.**

Fyrir liggja drög að viðbragðsáætlun Grímsnes- og Grafningshrepps vegna innra starfs og þjónustu á vegum sveitarfélagsins við heimsfaraldri inflúensu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi drög.

**4. Jafnlaunastefna Grímsnes- og Grafningshrepps.**

Fyrir liggja drög að jafnlaunastefnu Grímsnes- og Grafningshrepps. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi drög.

**5. Persónuverndarstefna Grímsnes- og Grafningshrepps.**

Fyrir liggja drög að persónuverndarstefnu Grímsnes- og Grafningshrepps. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi drög.

**6. Hamingjulestin, nýtt áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurlands.**

Fyrir liggur tölvupóstur frá Önnu Margréti Ólafsdóttur f.h. hamingjulestarstjóra SASS, dags. 18. mars 2020 þar sem kynnt er nýtt verkefni Sóknaráætlunar Suðurlands sem nefnist Hamingjulestin. Markmið verkefnisins er að stuðla að bætta geðheilbrigði og aukinni vitund um málaflokkinn. Óskað er eftir að sveitarfélagið tilhefni „Hamingjuráðherra“ sem sinn tengilið verkefnisins. Sveitarstjórn tilhefir Gunnar Kristinn Gunnarsson sem Hamingjuráðherra sveitarfélagsins.

**7. Afrit af bréfi frá Þjóðskrá Íslands þar sem kynnt er breytt fasteignamat eigna að Tjarnarlaut 1, Grímsnes- og Grafningshreppi.**

Fyrir liggur afrit af bréfi frá Þjóðskrá Íslands til eiganda eigna að Tjarnarlaut 1, dagsett 12. mars 2020 þar sem kynnt er breytt fasteignamat eignarinnar. Bréfið lagt fram til kynningar.

**8. Bréf frá Páli Helga Möller og Guðjóni Kjartanssnyi þar sem óskað er eftir aðkomu sveitarfélagsins vegna framkvæmda til að hindra flóð úr Höskuldslæk.**

Fyrir liggur bréf frá Páli Helga Möller og Guðjóni Kjartanssnyi,

dagsett 27. mars 2020 þar sem óskað er eftir aðkomu sveitarfélagsins vegna framkvæmda til að hindra flóð úr Höskuldslæk. Sveitarstjórn telur jákvætt að landeigendur hugi að aðgerðum til að hindra flóð og tjón sem af þeim geta hlotist og bendir landeigendum á að vera í samskiptum við Umhverfis- og tæknisvið uppsveita vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

**9. Bréf frá Jónu Gardarsdóttur f.h. Þjóðskrár Íslands þar sem sveitarfélagini er boðið rafrænt eintak fasteignaskrár 2020.**

Fyrir liggur bréf frá Jónu Gardarsdóttur f.h. Þjóðskrár Íslands, dagsett 23. mars 2020 þar sem sveitarfélagini er boðið rafrænt eintak fasteignaskrár 2020. Bréfið lagt fram til kynningar.

**10. Hugmyndir og ábendingar að aðgerðum til viðspyrnu fyrir íslenskt atvinnulíf.**

Fyrir liggja hugmyndir og ábendingar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um aðgerðir til viðspyrnu fyrir íslenskt atvinnulíf vegna covid-19 faraldursins. Sveitarstjórn mun leita leiða til að flyta þeim framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru eins og kostur er.

Reynt verði að styðja við bakið á fyrirtækjum í sveitarfélagini sem verða fyrir afleiðingum af kólnun hagkerfisins vegna COVID faraldursins. Sílt þarf að vera með opnum og sanngjörnum hætti og þess gætt að eitt gangi yfir alla. Í þessu samhengi þarf m.a. að horfa til frestunar á fasteignagjöldum.

**11. Tölvupóstur frá Jóhönnu Sigurjónsdóttur f.h. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis þar sem tilkynnt er um ákvörðun ráðherra varðandi skil á ársreikningum sveitarfélaga.**

Fyrir liggur tölvupóstur frá Jóhönnu Sigurjónsdóttur f.h. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, dags. 27. mars 2020 þar sem tilkynnt er um ákvörðun ráðherra varðandi skil á ársreikningum sveitarfélaga. Öllum heimildum sveitarfélaga um skil eru framlengd um mánuð vegna COVID -19. Lagt fram til kynningar.

**12. Bréf frá Þóru J. Jónasardóttur f.h. Matvælastofnunar um veirusjúkdóm í kanínum.**

Fyrir liggur bréf frá Þóru J. Jónasardóttur f.h. Matvælastofnunar, dags. 26. mars 2020 þar sem sagt er frá veirusjúkdóm í kanínum og mikilvægi þess að vera vakandi yfir heilbrigði kanína á þeim stöðum þar sem pekkt er að kanínur halda sig. Bréfið lagt fram til kynningar.

**13. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða, 666. mál.**

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

**14. Birt til umsagnar frá Dómsmálaráðuneyti drög að frumvarpi til kosningalaga.**

*Fyrir liggur að birt er til umsagnar frá Dómsmálaráðuneytinu drög að frumvarpi til kosningalaga. Lagt fram til kynningar.*

**15. Samningur um minkaveiði.**

*Fyrir liggja drög að viðauka við samning Bergs Þórs Björnssonar um minkaveiðar í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi drög og felur oddvita / sveitarstjóra að undirrita samninginn.*

**16. Vindorkugarður á Mosfellsheiði.**

*Fyrir liggja drög að tillögu að matsáætlun um mat á umhverfisáhrifum vegna vindorkugarðs á Mosfellsheiði. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins.*

**17. Hjólaleiðir á Suðurlandi.**

*Fyrir liggur bréf frá Guðlaugu Ósk Svansdóttur verkefnastjóra SASS, dags. 27. mars 2020 þar sem farið er yfir hjólaleiðir á Suðurlandi og tengingar þeirra. Einnig er óskað eftir upplýsingum frá hverju sveitarfélagi. Oddvita falið að vinna málið áfram.*

**Önnur mál.**

- a) Næsti fundur sveitarstjórnar verður miðvikudaginn 22. apríl 2020 kl. 9:00.

**Til kynningar**

- SASS. Fundargerð 555. stjórnarfundar 06.03 2020.
- Samband íslenskra sveitarfélaga.  
Fundargerð 856. stjórnarfundar, 26.01 2018.
- SÍBS, 1. tbl. 36. árg. 2020.  
-liggur frammi á fundinum-



**481. fundur Sveitarstjórnar  
Grímsnes- og Grafningshrepps  
22. apríl 2020 kl. 09:00 - 11:10  
Stjórnsýsluhúsinu Borg**

**Sveitarstjórnarmenn**

- Ása Valdís Árnadóttir í fjarfundarbúnaði
- Björn Kristinn Pálmarsson
- Smári Bergmann Kolbeinsson í fjarfundarbúnaði
- Ingibjörg Harðardóttir í fjarfundarbúnaði
- Bjarni Þorkelsson í fjarfundarbúnaði

Fundargerð ritaði: Ingibjörg Harðardóttir

**1. Heitavatnsöflun.**

Á fundinn kom Ragnar Guðmundsson, umsjónarmaður aðveitna hjá Grímsnes- og Grafningshreppi og fór yfir stöðu mála og ræddi helstu leiðir sem hægt er að fara í varðandi heitavatnsöflun fyrir sveitarfélagið. Ljóst er að núverandi hitaveituhola í Vaðnesi annar ekki hámarksá lagi Borgarveitu og þar af leiðandi er ekki til nægjanlegt vatn til að tryggja áframhaldandi uppbyggingu Borgarveitu í Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela Ragnari og formanni veitunefndar, Smára Bergmann Kolbeinssyni að vinna að frekari vatnsöflun fyrir sveitarfélagið. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að eingöngu verði samþykktar nýjar íbúðarhúsatengingar við Borgarveitu þar til frekari vatnsöflun hefur verið tryggð.

**2. Fundargerðir.**

- a) Fundargerð 193. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 8. apríl 2020.

Mál nr. 26, 27, 28, 29, 30, 31, 38, 39 og 40 þarfust staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 193. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dagsett 8. apríl 2020. Eftirfarandi dagskráliðir þarfust afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 26: 1910063 - Vaðlækjarvegur 8 L169070 (Miðengi L168261);  
Stækkun lóðar og tilfærsla slóða; Deiliskipulagsbreyting.  
Lagt fram að lokinni kynningu á lýsingu fyrir deiliskipulagsbreytingu.

*Deiliskipulagsbreytingin felst í tilfærslu spildu sem á er götuslóði sem liggur á milli lóða 6 og 10 við Vaðlækjarveg upp að lóð 8. Spildan sem um ræðir er hluti af landareign Miðengis, L168261, en bætist við lóðina Vaðlækjarveg 8 sem stækkar úr núverandi skráningu 7.700 m<sup>2</sup> í 8.352 m<sup>2</sup>. Með stækkuninni er tryggt aðgengi að lóðinni til framtíðar. Ekki eru gerðar tillögur að öðrum breytingum frá gildandi deiliskipulagi. Lýsing fyrir deiliskipulagsbreytingu var auglýst/kynnt 27. nóvember 2019 og var athugasemdafrestur til 18. desember 2019. Athugasemdir bárust frá Hauki Þór Haraldssyni, Kolbeini Gíslasyni og Katrínú Haraldsdóttur.*

*Sveitarstjórn telur að athugsemdir séu það alvarlegar að fresta beri frekari afgreiðslu málsins, þar til fyrir liggur sátt um afmörkun lóða og göngustíga á svæðinu nærri Vaðlækjarvegi lóð 8.*

**Mál nr. 27: 1910010 - Tjarnarhólar; Útvistar og göngusvæði; Deiliskipulag.**

*Fyrir liggur að lokinni kynningu á lýsingu fyrir deiliskipulag í Tjarnarhólum. Í fyrirhuguðu deiliskipulagi sem tekur til um 35ha svæðis, er gert ráð fyrir uppbyggingu svæðisins í þágu ferðamanna með gerð bílastæða, göngustíga, gerð upplýsingaskilta og byggingu tveggja þjónustuhúsa. Aðkoma að svæðinu er um núverandi gatnamót Vaðness og Snæfoksstaða frá Biskupstungnabraut. Lýsing á verkefninu/deiliskipulagi var auglýst/kynnt 27. nóvember 2019 og var athugasemdafrestur til 18. desember 2019. Athugasemdir bárust frá Kerfélagini ehf. og ábending frá Valborgu Snævarr. Þá lágu fyrir umsagnir frá Skipulagsstofnun, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Minjastofnun Íslands, Vegagerðinni og Umhverfisstofnun.*

*Sveitarstjórn tekur ekki tillit til þeirra ágreiningsefna sem fram koma í athugasemdum Kerfélagsins ehf, þar sem eðli þeirra sé þannig að um sé að ræða einkaréttarlegan ágreining um landamerki sem aðilar verða að leysa sín á milli. Að öðru leyti verði tekið tillit til ábendinga frá umsagnaraðilum og að deiliskipulagstillaga verði kynnt í samræmi við 4. mgr. 40.gr. skipulagslagar nr. 123/2010.*

**Mál nr. 28: 2001029 - Vaðstígur 1 L227910, 3 L227911 og 5 L227912; Breyting úr fristundabyggð í íbúðabyggð; Deiliskipulagsbreyting.**

*Fyrir liggur umsókn Ingibjargar G. Geirsdóttur, dags. 13. janúar 2020 um breytingu á þrem lóðum á jörðinni Kringlu II í Grímsnes- og Grafningshreppi, nánar Vaðstígur 1, 3 og 5. Óskað er eftir að lóðirnar breytast úr fristundabyggð í íbúðabyggð. Stærðir lóðanna eru óbreyttar en lega þeirra sem og byggingareitir breytast vegna nákvæmari mælinga. Gert er ráð fyrir að*

*íbúðarhúsin geti vera allt að 350 m<sup>2</sup> og auk þess verði heimilt að reisa allt að 60 m<sup>2</sup> aukahús á lóð.*

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi breytingu í samræmi við 41. gr. skipulagslagar nr. 123/2010. Breyting deiliskipulagsins verður auglýst samhlíða gildistöku nýs aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps sem nú er í vinnslu.*

**Mál nr. 29: 2002029 - Nesjavellir L209139; Stækun á byggingarreit B1 og nýr byggingarreitur B2; Deiliskipulags.**

*Fyrir liggur umsókn Falk Krueger, dags. 4. febrúar 2020 f.h. Hengils Fasteigna ehf. vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi hótellóðar á Nesjavöllum L209139. Tillagan nær utan um stækun á núverandi byggingarreit B-1 og nýjum byggingarreit B-2. Á reit B-2 er áætlað að koma fyrir útigeymslu á einni hæð.*

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða umsóknina sem óverulega breytingu á gildandi deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslagar nr. 123/2010. Ekki er talin þörf á grenndarkynningu þar sem landeigandi hefur þegar gefið samþykki fyrir fyrirhuguðum bílastæðum og breytingin ekki talin hafa áhrif á einstaka aðila eða aðra hagsmunaaðila á svæðinu. Skipulagsfulltrúa er falið að auglýsa niðurstöðu sveitarstjórnar skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslagar.*

**Mál nr. 30: 2003029 - Borg í Grímsnesi; Miðsvæði og útvistarsvæði; Deiliskipulag.**

*Fyrir liggur umsókn Landforms f.h. Grímsnes- og Grafningshrepps er varðar skipulagslysingu deiliskipulags fyrir miðsvæði og útvistarsvæði að Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi. Í skipulaginu felst skilgreining tveggja reita innan þéttbýlismarka Borgar, annarsvegar 3 ha miðsvæði meðfram Biskupstungnabraut og hinsvegar 18 ha útvistarsvæði norðar byggðarinnar.*

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða skipulagslysingu til kynningar og að leitað verði umsagnar hjá viðeigandi umsagnaraðilum í samræmi við 40. gr. skipulagslagar nr. 123/2010 og lið 1.9 innan skipulagslysingar.*

**Mál nr. 31: 2004003 - Sogsvegur 6 L186004; Norðurkot; Staðfesting á afmörkun lóðar.**

*Fyrir liggur umsókn Guðjóns P. Stefánssonar, dags. 3. mars 2020 um*

staðfestingu á afmörkun lóðarinnar Sogsvegur 6 L186004 í landi Norðurkots. Lóðin er skráð 31.200 m<sup>2</sup> í þjóðskrá og skv. hnitsettu lóðablaði er hún 31.250 m<sup>2</sup>. Fyrir liggur samþykki eigenda aðliggjandi lóða á hnitsetningu lóðarmarka.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afmörkun lóðarinnar skv. fyrirliggjandi umsókn. Ekki eru gerðar athugasemdir við staðfestingu landskipta skv. 13. jarðalaga.

**Mál nr. 38: 2002004F – Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 20 – 116.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. mars 2020.

**Mál nr. 39: 2003001F – Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 20 – 117.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. mars 2020.

**Mál nr. 40: 2003002F – Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 20 – 118.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. apríl 2020.

b) Fundargerð 76. fundar stjórnar Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs., 1. apríl 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

c) Fundargerð 1. fundar vettvangsstjórnar uppsveita Árnessýslu, skv. viðbragðsáætlun um inflúensu og alvarlega sjúkdóma, 24. mars 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) Fundargerð 2. fundar vettvangsstjórnar uppsveita Árnessýslu, skv. viðbragðsáætlun um inflúensu og alvarlega sjúkdóma, 31. mars 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

e) Fundargerð 3. fundar vettvangsstjórnar uppsveita Árnessýslu, skv. viðbragðsáætlun um inflúensu og alvarlega sjúkdóma, 7. apríl 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

f) Fundargerð 4. fundar vettvangsstjórnar uppsveita Árnessýslu, skv. viðbragðsáætlun um inflúensu og alvarlega sjúkdóma, 14. apríl 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

g) Fundargerð 5. fundar Almannavarnanefndar Árnessýslu, 3. mars 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

h) Fundargerð 14. fundar stjórnar Byggðasafns Árnesinga, 16. apríl 2020.

3. Beiðni um styrk frá Ungmennafélaginu Hvöt til kaupa á búningum fyrir iðkendur félagsins.

Fyrir liggur beiðni um styrk frá Ungmennafélaginu Hvöt vegna kaupa á búningum fyrir iðkendur félagsins. Búningarnir eru merktir með kennimerki sveitarfélagsins og kostuðu þeir 377.993 kr. Stjórn ungmennafélagsins óskar eftir þeirri upphæð í styrk. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita umbeðinn styrk.

4. Bréf frá Landgræðslu ríkisins vegna afgreiðslu umsóknar Grímsnes- og Grafningshrepps til Landbótasjóðs 2020.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Landgræðslu ríkisins, dags. 21. febrúar 2020 þar sem Grímsnes- og Grafningshreppi hefur verið úthlutað styrk að fjárhæð kr. 330.000 úr Landbótasjóði Landgræðslunnar. Bréfið lagt fram til kynningar.

5. Umsögn vegna stofnunar lögbýlis að Neðra-Apavatni 1.

Fyrir liggur bréf frá Ólafi Björnssyni hrl. f.h. Magnúsar Grímssonar og Magnúsar Helga Jónssonar, dags. 30. mars 2020 þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins á fyrirhugaðri stofnun lögbýlis að Neðra-Apavatni 1. Sveitarstjórn mælir með stofnun lögbýlisins.

6. Beiðni um styrk frá Félagi frístundahúsaigenda í Hraunborgum vegna snjómoksturs í hverfinu.

Fyrir liggur beiðni um styrk frá Félagi frístundahúsaigenda í Hraunborgum vegna mikils snjómoksturs í hverfinu nú í vetrur. Styrkbeiðnin er að fjárhæð kr. 250.000. Sveitarstjórn tekur undir með stjórn Hrauns, félags frístundahúsaigenda í Hraunborgum, að veturinn hafi verið mjög snjóbungur og erfiður. Í ár líkt og undanfarin ár létt Grímsnes- og Grafningshreppur moka öll frístundahúsaþverfi í sveitarfélagini um þásku. Ekki er gert ráð fyrir frekari fjármunum vegna moksturs frístundahúsaþverfa í sveitarfélagini og sveitarstjórn hafnar því erindinu.

## 7. Bréf frá Óttari Guðjónssyni, framkvæmdastjóra Lánaþjóðs sveitarfélaga ohf. vegna frestunar á aðalfundi lánaþjóðsins.

Fyrir liggur bréf frá Óttari Guðjónssyni framkvæmdastjóra Lánaþjóðs sveitarfélaga ohf., dags. 7. apríl 2020 þar sem sagt er frá frestu aðalfundar lánaþjóðsins. Jafnframt er greint frá því að ekki verði greiddur út arður vegna afkomu ársins 2019 og að lánaþjóðurinn sé vel í stakk búinn til lánveitinga vegna COVID-19. Bréfið lagt fram til kynningar.

## 8. Bréf frá Lárusi L. Blöndal forseta Íþróttá- og ólympíusambands Íslands þar sem sveitarfélög eru hvött til samtals við íþróttá- og ungmannafélög á sínu svæði og fylgjast vel með hvernig málin þróast hjá þeim á þessum óvissu tínum.

Fyrir liggur bréf frá Lárusi L. Blöndal forseta Íþróttá- og ólympíusambands Íslands, dags. 1. apríl 2020 þar sem sveitarfélög eru hvött til samtals við íþróttá- og ungmannafélög á sínu svæði og fylgjast vel með hvernig málin þróast hjá þeim á þessum óvissu tínum. Bréfið lagt fram til kynningar.

## 9. Íbúaskrá Grímsnes- og Grafningshrepps 1. desember 2019.

Fyrir liggur íbúaskrá Grímsnes- og Grafningshrepps frá 1. desember 2019. Samkvæmt íbúaskránni þann 1. desember 2019 er íbúafjöldi sveitarfélagsins 494. Sveitarstjóra falið að koma á framfæri þeim athugasemdum sem fram komu á fundinum.

## Til kynningar

- Sorpstöð Suðurlands. Fundargerð 291. stjórnarfundar 24.03 2020.
- Heilbrigðisnefnd Suðurlands. Fundargerð 203. stjórnarfundar 24.03 2020.
- SASS. Fundargerð 556. stjórnarfundar 03.04 2020.
- Samband íslenskra sveitarfélaga. Fundargerð 880. stjórnarfundar, 27.03 2020.

# Unglingavinna 2020



## Auglýst er eftir unglungum

14 til 16 ára (8.-10. bekkur) í vinnuskóla sveitarfélagsins frá 8. júní til og með 17. júlí 2020

Tekið er á móti skráningu á í síma 480-5500  
eða í tölvupósti á netfangið gogg@gogg.is

**til 20. maí nk.**



Sveitarstjóri

## Hreinsun rotþróa

Kæri íbúi/fasteignaeigandi. Nú styttist í hreinsun rotþróa á þínu svæði og er mikilvægt að við getum hreinsað rotþróna þína án vandræða.

Það felst í því að:

- Hafa gott aðgengi að þrónni, gott er að vera búin að reita gróður frá stútnum ef þarf.
- Merkja stútinn með stiku eða fána ef hann sést ekki vel.
- Til þess að hægt sé að hreinsa rotþróna þarf hreinsistúturinn á rotþrónni að vera að lágmarki 110 mm.



Þjónustufulltrúi seyrugerkefnis  
aslaugalda@fludir.is

**HUGSUM ÁÐUR EN VIÐ HENDUM  
KLÓSETTIÐ ER EKKI RUSLAFATA.  
STURTUM EKKI BLAUTPURRKUM OG  
ÖÐRU RUSLI NIÐUR!**

## Girðingar meðfram stofn- og tengivegum í Grímsnes- og Grafningshreppi

Vegagerðin og Grímsnes- og Grafningshreppur hafa gert með sér samkomulag um að sveitarfélagið sinni viðhaldi girðinga meðfram stofn- og tengivegum.

Þá er lögð sérstök áhersla á girðingar sem búfénaður er hafður á beit við. Sveitarfélagið og eigandi jarðarinnar sem liggur að veginum gera einnig með sér samkomulag. Við undirritun samkomulagsins færst réttur sem landeigandi kann að eiga samkvæmt gildandi lögum á hverjum tíma á hendur Vegagerðinni varðandi þátttöku í viðhaldskostnaði girðinga yfir til sveitarfélagsins, sjá nánar nágildandi reglugerð nr. 930/2012 með síðari breytingum, sbr. 52. og 58. gr. vegalaga nr. 80/2007. Þeir bændur sem hafa áhuga á að gera slíkt samkomulag við sveitarfélagið er bent á að hafa samband með tölvupósti á netfangið [gogg@gogg.is](mailto:gogg@gogg.is)



# Grenndarstöðvar í Grímsnes- og Grafningshreppi



Hér er eingöngu hægt að henda:



Vinsamlega athugið að mikilvægt er að flokka úrganginn í rétta gáma og að ekki sé skilinn eftir úrgangur fyrir utan gámana. Allur úrgangur sem ekki fer í gámana á að fara með á Gámastöðina Seyðishólum.

## Vortiltekt

Lögbýlum og fyrirtækjum í Grímsnes- og Grafningshreppi býðst að fá til sín annars vegar járnagám og / eða timburgám í maí og júní.

Miðað er við að hver gámur geti verið á staðnum í allt að 7 daga.

Panta þarf gámana annað hvort í síma 480-5500 eða með tölvupósti á [steinar@gogg](mailto:steinar@gogg)

Gámarnir eru endurgjaldslausir í tilefni af hreinsunarátakinu Hreint Suðurland sem Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur umsjón með.



## Garðeigendur í Grímsnes- og Grafningshreppi Ókeypis molta

Frá og með 11. maí býðst garðeigendum að nálgast moltu á Gámasvæðinu Seyðishólum þeim að kostnaðarlausu. Eina sem þarf að gera er að mæta á svæðið á opnunartíma með **ílát eða kerru og skóflu** og ná sér í moltu.

*-Moltan er blanda af þeim lífræna úrgangi sem Gámaþjónustan safnar hjá íbúum, fyrirtækjum og stofnunum, hrossataði og trjáúrgangi sem búið er að fara í gegnum hitameðferð.*

*-Moltan þykir kraftmikill jarðvegsbætir sem gott er að blanda annarri mold í hlutföllunum 1/3 (1 hluti molta 2 hlutar mold) eða dreifa yfir beð og grasflatir í þunnu lagi.*

*-Moltan er afrakstur innlendar endurvinnslu.*

Minnum á sumaropnun Gámastöðvarinnar

## Sumaropnun

Sumaropnunartími gámastöðvarinnar  
Seyðishólum frá 1. maí til 31. ágúst

Mánudaga	Priðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-16	Lokað	13-16	13-16	13-16	13-16

**OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMILISSORPS  
ALLAN SÓLARHRINGINN**

## Okkar neysla – okkar ábyrgð

Á þessum einkennilegu tímum í samfélaginu er gott að staldra við og huga að framtíðinni og hvernig við sjáum hana fyrir okkur. Tíðrætt hefur verið um úrgangsmál í gegnum árin og er eingöngu tæpt ár síðan nánast öll heimili á Suðurlandi hófu lífræna flokkun sem var mjög góð þróun og hefur komið vel út. Í Grímsnes- og Grafningshreppi búa um 500 íbúar sem allir flokka í lágmark fjóra flokka á heimilum sínum, lífrænan úrgang í brúntunnu, plast í græntunnu, pappa í blátunnu og annan úrgang í grátunnu. Á sama tíma hafa íbúar verið hvattir til að safna málmum og gleri á heimilum sínum og fara með í þar til gerð ílát á Gámastöðina Seyðishólum.



Í sveitarfélaginu okkar eru einnig tæplega 3000 frístundahús sem mörg hver eru notuð allan ársins hring. Hingað til hafa frístundahúsaeigendur eingöngu haft kost á að fara með flokkaðan úrgang á Gámastöðina Seyðishólum en nú standa til miklar breytingar. Til þess að koma til móts við eigendur frístundahúsa og gera þeim auðveldara fyrir að flokka heimilisúrgang hefur sveitarfélagið hrundið af stað metnaðarfullu grenndarstöðvaverkefni í samstarfi við TERRA. Á næstu dögum verða teknar í notkun grenndarstöðvar á fimm stöðum í sveitarfélaginu og á hverri stöð verður hægt losa sig við heimilisúrgang í sjö flokka; plast, pappa, mál, gler, lífrænt, blandað og skilaskyldar umbúðir. Allt annað þarf að fara með á Gámastöðina Seyðishólum.

Á þessum grenndarstöðvum verður einnig notast við lita kóða fyrir úrganginn líkt og á heimilunum. Við þessa breytingu verða flokkunarmöguleikarnir fyrir frístundahús með því besta sem þekkist á landsvísu og er Grímsnes- og Grafningshreppur fyrsta sveitarfélagið á landinu sem setur upp slíka flokkunargáma. Við hönnun var horft til litamerkinga á bæði tunnum og gánum sem auðveldar notendum enn frekar að muna hvaða úrgangur fer hvert, úrgangurinn er tengdur við litinn sem gerir upplifunina og notkunina betri, jákvæðari og eftirminnilegri. Með þessum aðgerðum vonumst við til þess að flokkun í frístundahúsum muni aukast sem gerir okkur kleift að senda stærri hluta úrgangsins til endurvinnslu. Þannig leggjum við okkar af mörkum til verndar náttúru og umhverfis. Jafnframt vonumst við til að aukin flokkun skili sér í lægri kostnaði við sorphirðu og sorpeyðingu fyrir alla fasteignaeigendur í sveitarfélaginu.

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsnes-og Grafningshrepps



Golfklúbbur Kiðjabergs óskar eftir að ráða liðtæka starfsmenn til umhirðu golfvallar sumarið 2020. Ekki verra að hafa réttindi á vélar, þó ekki skilyrt.

Upplýsingar Gunnar Þorláksson 6937310  
Netfang: [gunnar@bygg.is](mailto:gunnar@bygg.is)

## Framkvæmdir í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Hér kemur stutt yfirlit yfir helstu framkvæmdir í sveitarfélaginu í ár og stöðuna á þeim.

### Almennar framkvæmdir

- Í sumar verður klárað að malbika göngustíga á Borgarsvæðinu. Deiliskipulagsbreyting vegna tilfærslu á gangleiðum er í ferli og hönnun langt komin. Stefnt er að setja verkið í verðfyrirspurn í byrjun maí. Lögð verður áhersla á góðan frágang á verkinu ásamt því að umferðaráryggi gangandi og hjólandi vegfaranda verður sett í fararbrodd ásamt góðu aðgengi fyrir hreyfihamaða. Lýsing á gangbrautum verður bætt til að auka öryggi barna og annara fótgangandi. Upphækkaðar gangbrautir verða gerðar til að lágmarka hraða innan hverfis og verður malbikaður gangstígur frá Verzlun og að Íþróttamiðstöðinni. Strætóstopplistöð verður í kjölfarið færð að sundlaug til að auka öryggi gangandi.
- Vinna við Yndisskóga fer einnig af stað norðan við Borgarsvæðið í sumar. Þetta svæði verður deiliskipulagt sem útvistarsvæði, alls um 18 ha. Vegtenging frá Borgarbraut verður framlengd að malbikuðu bílastæði í jaðri svæðisins. Í sumar verða lagðir akfærir stígar um svæðið sem hugsaðir eru til viðhalds á svæðinu og skógræktarfélagið mun hefja gróðursetningu. Gert er ráð fyrir þjónustuhúsi og grillskýli á svæðinu. Vonast er til að svæðið nýttist íbúum, skólabörnum og gestum til útvistar. Verðfyrirspurn í framkvæmdina verður gerð í maí.



- Einnig er búið að vinna skipulag að nýju miðsvæði vestan við Skólabraut þar sem gert er ráð fyrir sölu eldsneytis, veitingaþjónustu, rafhleðslustöðvum ásamt lóðum fyrir blandaða byggð þjónustu og verslana. Þarna verða möguleikar á húsnæði á 1-2 hæðum með íbúðum á efri hæðum húsa.



- Steftnt er að því að bæta aðgengi á gámasvæði við Seyðishóla með nýrri veggtingingu, stækkun á svæði og í kjölfarið verði manir stækkaðar og girðing reist til að koma í veg fyrir fok á rusli. Einnig er áætlað að stækka númerandi ramp þannig að rýmra sé um bíla og kerrur, afgreiðsla taki styttri tíma og hægt sé að koma fleiri gánum að rampi. Með þessum breytingum ætti biðtími að styttast, flokkun að aukast og raðir út á Búrfellsveg að heyra sögunni til. Skipulag á svæðinu er í ferli en framkvæmdir eru áætlaðar í sumar og í haust.
  - Breytingar á íþróttamiðstöðinni verða framkvæmdar á meðan hún er lokað vegna Covid-19. Steyptur verður kantur fyrir framan númerandi glugga og þeim lyft frá gólfí með tilheyrandi breytingum á hurðum og gluggum.
  - Í framkvæmdaáætlun 2020 var gert ráð fyrir fjármagni fyrir stækkun á líkamsræktaraðstöðu. Verið er að skoða möguleika á stækkun líkamsræktarsvæðis í Íþróttamiðstöðinni og verður breytingartillagan kynnt síðar á árinu.
  - Í vor verða allar akstursleiðir inn og út úr sveitarfélagini merktar með skiltum með merki sveitarfélagsins.



- Búið er að kaupa nýjan kastala fyrir leikskólann sem verður settur upp þegar leikskólinn fer í sumarfrí.

Vatnsveiturn

- Búið er að bora eftir köldu vatni hjá núverandi vatnslindum á Björk. Mælingar á afköstum holunnar standa yfir og í kjölfarið verður sett niður dæla. Vonast er til að þetta verði til þess að afhendingaröryggi á vatnsveitunni aukist. Einnig verður settur upp vöktunarbúnaður á vatnsveituna.
  - Ýmsar endurbætur á vatnsveitukerfi, bæði frá Búrfelli og Björk eru fyrirhugaðar í sumar og haust.

Hitaveiturn

- Lögnin frá Borg og að Bjarkarborgum verður endurnýjuð í sumar. Lögnin er komin á tíma og ekki er mögulegt að auka þrýsting á henni ásamt því að mikil hitatap verður á leiðinni.
  - Hafin verður leit að heitu vatni til að styrkja Borgarveituna enn frekar.

### Markaskrá 2020

ENN eiga þó nokkrir eftir að skila inn endurnýjun marka sinna eða láta vita ef þau eiga að falla niður.

Allir eigendur skráðra **eyrnamarka** og **frostmarka** í síðustu markaskrá 2012 áttu að hafa fengið bréf frá mér seinnipartinn í mars og skila átti inn fyrir **20.apríl**.

**Þið sem ég hef ekkert heyrt frá vinsamlegast bregðist strax við.**

Ef einhver hefur ekki fengið bréfið þá hafðu samband.  
Mörk látinna einstaklinga og þeirra sem eiga skráða búsetu erlendis þegar blöðin voru prentuð eru skráð hjá markaverði og bið ég hlutaðeigandi að hafa samband með þau mörk.

[brunir@simnet.is](mailto:brunir@simnet.is)

Sími 8478162 virka daga eftir kl 16.

Með sumarkveðju og von um skjót viðbrögð.

Markavörður Ánessýslu

Lilja Loftsdóttir



### ÚRSLIT FRÁ LOKAKVÖLDI UPPSVEITADEILDARINNAR 2020

Reynir Örn Pálmasón vann töltið í Uppsveitadeildinni árið 2020 á Óskari frá Breiðstöðum en þeir kepptu fyrir lið STORM RIDER. Þeir voru eftir forkeppni með 7,47 í einkunn en í úrslitum gerðu þeir enn betur og hlutu í einkunn 7,61. Í öðru sæti fyrir lið ÁRBÆJARHJÁLEIGU var Hekla Katharína Kristinsdóttir á Lilju frá Kvistum.

#### NIÐURSTÖÐUR ÚR A ÚRSLITUM

Sæti Keppandi Heildareinkunn

- 1 Reynir Örn Pálmasón / Óskar frá Breiðstöðum 7,61
- 2 Hekla Katharína Kristinsdóttir / Lilja frá Kvistum 7,44
- 3 Ragnhildur Haraldsdóttir / Úlfur frá Mosfellsbæ 7,33
- 4 Brynja Amble Gísladóttir / Goði frá Ketilsstöðum 7,17
- 5 Helgi Þór Guðjónsson / Huld frá Arabæ 6,83

#### NIÐURSTÖÐUR ÚR B ÚRSLITUM

Sæti Keppandi Heildareinkunn

- 5 Helgi Þór Guðjónsson / Huld frá Arabæ 7,11
- 6-7 Bjarni Sveinsson / Agla frá Dalbæ 6,94
- 6-7 Hans Þór Hilmarsson / Sara frá Stóra-Vatnsskarði 6,94
- 8 Þorgeir Ólafsson / Snilld frá Fellskoti 6,78
- 9 Kristín Magnúsdóttir / Sandra frá Reykjavík 6,44

#### NIÐURSTÖÐUR EFTIR FORKEPPNI

Sæti Keppandi Heildareinkunn

- 1 Reynir Örn Pálmasón / Óskar frá Breiðstöðum 7,47
- 2 Ragnhildur Haraldsdóttir / Úlfur frá Mosfellsbæ 7,40
- 3 Brynja Amble Gísladóttir / Goði frá Ketilsstöðum 7,20
- 4 Hekla Katharína Kristinsdóttir / Lilja frá Kvistum 7,17
- 5 Hans Þór Hilmarsson / Sara frá Stóra-Vatnsskarði 7,00
- 6 Kristín Magnúsdóttir / Sandra frá Reykjavík 6,90
- 7 Helgi Þór Guðjónsson / Huld frá Arabæ 6,77
- 8-9 Bjarni Sveinsson / Agla frá Dalbæ 6,70
- 8-9 Þorgeir Ólafsson / Snilld frá Fellskoti 6,70
- 10 Rósá Birna Þorvaldsdóttir / Selja frá Skriðu 6,63
- 11 Thelma Dögg Tómasdóttir / Marta frá Húsavík 6,57
- 12 Jósef Gunnar Magnússon / Freistaing frá Steinnesi 6,33
- 13 Jón William Bjarkason / Vaka frá Ásbrú 6,13
- 14-15 Hallgrímur Birkisson / Suðri frá Enni 6,07
- 14-15 Hanifé Müller-Schoenau / Fura frá Árbæjarhjáleigu II 6,07

## Uppsveitadeild Loga, Smára og Trausta

- 16 Sólon Morthens / Katalína frá Hafnarfirði 5,87
- 17 Halldór Þorbjörnsson / Dáð frá Minni-Borg 5,77
- 18 Ragnheiður Hallgrímsdóttir / Viðja frá Skriðu 5,17
- 19 Sandra Pétursdotter Jonsson / Dalur frá Miðengi 5,13
- 20 Sigurlín F Arnarsdóttir / Hraunar frá Herríðarhóli 5,07
- 21 Guðjón Sigurðsson / Ólga frá Miðhjáleigu 4,83

Skeiðið var ekki síður spennandi og margir frábærir tímar náðust! Það var þó bara einn sem náði tíma undir 3 sek og meira að segja tveimur sprettum og það var Sigurvegarinn Þorgeir Ólafsson á Ögrunn frá Leirulæk fyrir lið FRIÐHEIMA/SKÓLS.

### NIÐURSTÖÐUR ÚR SKEIÐI

#### BESTI SPRETTUR

- 1 Þorgeir Ólafsson/Ögrunn frá Leirulæk 2,94
- 2 Þorgils Kári Sigurðsson/Gjóska frá Kolsholti 3 3
- 3 Þórarinn Ragnarsson/Hákon frá Sámsstöðum 3,04
- 4 Helgi Þór Guðjónsson/Vænting frá Sturlureykjum 3,08
- 5 Reynir Örn Pálmason/Skemill frá Dalvík 3,13
- 6 Rósa Birna Þorvaldsdóttir/Bragi frá Skriðu 3,15
- 7 Thelma Dögg Tómasdóttir/Sirkus frá Torfunesi 3,16
- 8 Jón William Bjarkason/Vaka frá Ásbrú 3,17
- 9 Bjarni Sveinsson/Sturla frá Bræðratungu 3,2
- 10 Hekla Katharína Kristinsdóttir/Jarl frá Árbæjarhjáleigu II 3,2
- 11 Helgi Kjartansson/Þótti frá Hvammi I 3,21
- 12 Guðjón Sigurðsson Snædís frá Kolsholti 3 3,22
- 13 Hans Þór Hilmarsson/Skíma frá Syðra-Langholti 4 3,26
- 14 Sólon Morthens/Jarl frá Þróoddsstöðum 3,29
- 15 Hallgrímur Birkisson/Vörður frá Hafnarfirði 3,29
- 16 Ragnhildur Haraldsdóttir/Ísak frá Búðardal 3,43
- 17 Karen Konráðsdóttir/ Lind frá Hárlaugsstöðum 2 3,47
- 18 Katrín Eva Grétarsdóttir/Gyllir frá Skúfslæk 3,59
- 19 Sandra Pétursdotter Jonsson/Fiðla frá Miðengi 4,04
- 20 Jósef Gunnar Magnússon/Smekkur frá Högnastöðum 0
- 21 Einar Logi Sigurgeirsson/Dalvar frá Dalbæ II 0

Nokkrar sviptingar urðu á röðun efstu knapa og liða í samanlöögðum stigum en efstu sætin héldust þó óbreytt frá síðasta móti.

Þorgeir Ólafsson stóð uppi sem samanlagður sigurvegarí einstaklingskeppninni eftir frábæran árangur í vetur. Hann sigrarði skeiðið á Ögrun frá Leirulæk, var í 8 sæti í tölti, 6 sæti í fjórgang og 2 sæti í fimmgang og kepti í öllum greinum nema skeiði á gæðingshryssunni Snilld frá Fellskoti. Í öðru sæti varð Hekla Katharína Kristinsdóttir og í því þriðja Helgi Þór Guðjónsson.

## Uppsveitadeild Loga, Smára og Trausta

Smávægileg mistök voru gerð í útreikningum í einstaklingskeppninni sem riðlaði röð knapa í sætum 7-11 og biðjum við hlutaðeigendur afsökunar á því.

Hér má sjá efstu 10 knapa í einstaklingskeppninni :

#### KNAPI/LIÐ STIG

- 1 Þorgeir Ólafsson FRIÐHEIMAR/SKJÓL 71
- 2 Hekla Katharína ÁRBÆJARHJÁLEIGA 67
- 3 Helgi Þór Guðjónsson KÍLHRAUN 64
- 4 Rósa Birna Þorvaldsdóttir KÍLHRAUN 63
- 5 Ragnhildur Haraldsdóttir KÍLHRAUN 58
- 6 Reynir Örn Pálmason STORM RIDER 54
- 7 Brynja Amble STORM RIDER 46
- 8 Jón William Bjarkason MEISTARI LOFTUR 44
- 9 Bjarni Sveinsson ÁRBÆJARHJÁLEIGA 41,5
- 10 Þórarinn Ragnarsson STORM RIDER 38

Liðakeppnin var ekki síður spennandi. Lið STORM RIDER átti gott kvöld og varð stigahæsta liðið bæði í tölti og skeiði. Það var því ljóst að hörð atlaga var gerð að fyrsta sætinu. LIÐ ÁRBÆJARHJÁLEIGU endaði í þriðja sæti, lið STORM RIDER stökk upp í annað sæti en það varð að lokum lið KÍLHRAUNS sem stóð uppi sem sigurvegarí eftir gott gengi í öllum greinum vetrarins.

1. KÍLHRAUN 185 STIG
2. STORM RIDER 181,5 STIG
3. ÁRBÆJARHJÁLEIGA 162 STIG
4. FRIÐHEIMAR/SKJÓL 149,5 STIG
5. MEISTARI LOFTUR 88,5 STIG
6. BALDVIN OG ÞORVALDUR 84,5 STIG
7. BREKKA/HJARDARHOLT/MIÐENGI 69,5 STIG

Framkvæmdanefnd þakkar kærlega öllum sem að deilinni komu fyrir skemmtilegan veturn. Styrktaraðilum fyrir stuðninginn, áhorfendum og dómurum og öðru starfsfólk fyrir sitt framlag og að lokum knöpum fyrir frábæra skemmtun og innilega til hamingju með frábæran árangur.

### UPPSVEITADEILD LOGA, SMÁRA OG TRAUSTA



## Uppsveitadeild Loga, Smára og Trausta



## Uppsveitadeild Loga, Smára og Trausta



# Vorgöngur

Árlegar vorgöngur Kvenfélags  
Grímsneshrepps verða:  
27. maí kl. 18.00 - Golfvöllurinn Borg  
3. júní kl. 18.00 - Þrastaskógr  
10. júní kl. 18.00 - Mörkin

Allir velkomnir  
Munum 2ja metra regluna

## Vorfundur

Vorfundur kvenfélagsins verður miðvikudaginn 27. maí í stað 7. maí líkt og auglýst var á dagatali félagsins 2020. Fundurinn verður haldinn á Gömlu Borg kl. 19.00 í beinu framhaldi af fyrstu vorgöngunni.

Allar konur velkomnar  
Munum 2ja metra regluna



## Velkomin í Vefverslun Friðheima



Núna getur þú greitt fyrir ferska grænmetið okkar með snertilausum viðskiptum og svo kíkir þú til okkar í Friðheima daginn eftir og sækir!

Kíktu á vefverslunina okkar á [www.fridheimar.is/vefverslun](http://www.fridheimar.is/vefverslun)

Tómatar (ýmsar tegundir), gúrkur, basilika í potti og salat. Einnig erum við með dásamlegu góðgætavörurnar okkar til sölu í vefversluninni sem og kryddblöndurnar. Má par til dæmis nefna grillsósur, sultur, ábætissósur, gúrkusalsa og kryddblöndur á lambið, kjúklinginn, nautið, svinið og til að búa til gravlax.

Vefverslunin okkar er opin allan sólarhringinn  
Verslunin í andyri Friðheima er opin alla daga frá kl. 9 – 16.  
Veitingastaðurinn okkar er opinn alla daga frá 12 - 16

Bestu kveðjur, Fjölskyldan Friðheimum  
486 8894 - [fridheimar@fridheimar.is](mailto:fridheimar@fridheimar.is) - [www.fridheimar.is/vefverslun](http://www.fridheimar.is/vefverslun)

## HELSTU BREYTINGAR SEM VERÐA

4. MAÍ 2020

**Fjöldamörk samkomubanns** miðast við 50 einstaklinga í stað 20 áður. Reglur um tveggja metra fjarlægð haldast óbreyttar.

**Skólastarf í leik- og grunnskólum** verður með eðlilegum hætti. Í framhalds- og háskólum gildir meginreglan um hámark 50 einstaklinga í sama rými.

**Ýmis þjónusta:** Hárgreiðslustofur, nuddstofur, sjúkraþjálfun, snyrtistofur, söfn og sambærileg starfsemi geta hafið starfsemi en halda skal 2 metra fjarlægð milli viðskiptavina eins og kostur er.

**Heilbrigðisþjónusta:** Öll heilbrigðisstarfsemi sem ekki felur í sér valkvæðar skurðaðgerðir eða aðrar ífarandi aðgerðir verður heimil. Tannlækningar verða einnig heimilar.

**Skipulagt íþróttastarf barna á leik- og grunnskólaaldri** verður heimilt utandyra með eftirfarandi takmörkunum:

- Ekki fleiri en 50 einstaklingar verða saman í hóp.
- Halda skal tveggja metra fjarlægð eftir því sem það er unnt, einkum hjá eldri börnum.

**Annað skipulagt íþróttastarf** er heimilt utandyra með eftirfarandi takmörkunum:

- Ekki fleiri en fjórir einstaklingar æfa eða leika saman.
- Snertingar eru óheimilar og halda skal tveimur metrum á milli einstaklinga.
- Notkun á sameiginlegum búnaði skal haldið í lágmarki en annars skal sótthreinsa hann á milli notkunar.

### NOKKUR ATRIDI SEM HALDAST ÓBREYTT:

- Undanþágur fyrir efnahagslega mikilvæg fyrirtæki verða óbreyttar.
- Líkt og hingað til verður heimilt að taka á móti 100 einstaklingum í matvöruverslunum og lyfjaverslunum hverju sinni að uppfylltum tilteknum skilyrðum.
- Sundlaugar og líkamsræktarstöðvar verða áfram lokaðar.
- Reglur um skemmtistaði, krár, spilasali og svipaða starfsemi verða óbreyttar og slíkir staðir því áfram lokaðir.
- Fyrirmæli landlæknis frá 23. mars sl. um valkvæðar skurðaðgerðir eða aðrar ífarandi aðgerðir haldast óbreyttir.

Jarðvinnuverktakar

# FEDGAVERK

JÓHANNES & GUÐMUNDUR  
GSM: 848-1123 & 868-4115

### Tökum að okkur STÓR og smá verk

- Jarðvinnu
- Tætingu
- Þökulagningu
- Bílaflutninga
- Jarðheflun
- Fólksflutninga
- Snjómokstur

Netfang: [verktaki89@gmail.com](mailto:verktaki89@gmail.com)  
Facebook: Jarðvinnuverktaki



### Opnunartímar hjá heilsugæslunni í Laugarási

Opnunartími heilsugæslunnar er frá kl. 8:00 til 16:00.

Fyrsti læknatíminn er kl. 8:20.

Símatímar eru tveir þ.e. kl. 9:00 - 9:30 og 13:00 - 13:30.

Blóðprufur eru teknar á morgnanna frá kl. 8:15 - 11:00

Sími stöðvarinnar er 432 2770

Aðalnúmer HSU er 432 2000



Sími Neyðarlínu er 112

Lyfjaendurnýjun er hjá læknaritum kl. 8:00—9:00 í síma 432 2020



**Opnunartími frá  
1. maí 2020  
Sími: 869-7509**

Grimsnes- og Grafningsreppi

**Mánudaga -fimmtudaga 10:00 — 18:00  
Föstudaga & laugardaga 10:00 — 20:00  
Sunnudaga 11:00 — 18:00**



Gámastöðin Seyðishólum  
er á facebook :)



**Saumakompan**

TEK AÐ MÉR MARGSKONAR EINFALDAN SAUMASKAP

**Elsa Jónsdóttir**

**Sími 864-4642**

### **Villikettir á Suðurlandi með sína eigin Facebook síðu**

Sveitarstjórn Grímsnes og Grafningsrepps samþykkti fyrr í veturn samning við félagið „Villikettir“ að það hlúi að villi og vergangsköttum í sveitarfélagini. Félagið Villikettir var stofnað snemma árs 2014 til að standa vörð um dýravernd fyrir villta ketti á Íslandi. Félagið vinnur í samræmi við ný dýraverndunarlög að leita úrbóta fyrir villta ketti hér á landi samkvæmt viðurkenndum aðferðum sem hafa skilað árangri í fjölmörgum öðrum löndum. „

Við notumst við aðferðina fanga-gelda-sleppa (e. Trap-neuter-return, eða TNR) sem er alþjóðleg aðferðafræði um hvernig megi mannúðlega takast á við villikattarstofna án þess að aflifa þá. Þá eru mörg búr sett út á svæðin sem þeir hafast við í samtímis, dýrin eru fönguð, geld og sleppt aftur á svæðið ef ekki er um kettinga eða mjög særð dýr að ræða. Þessar aðferðir hafa gefist sérlega vel í öðrum löndum. Við munum svo sjá til þess að skjól sé á svæðinu og sjálfbodaliðar séu til staðar sem fylgjast með matargjöfum“, segir Guðný Tómasdóttir á Ormsstöðum í Grímsnes og Grafningsreppi, sem situr í stjórn Villikatta á Suðurlandi, sem er deild innan Villikatta.

„Ég vil sérstaklega nota tækifærið og hrósa mínu sveitarfélagi fyrir að ganga til liðs við okkur og hvet ég önnur sveitarfélög eindregið til að fylgja fordæmi Grímsnes og Grafningsrepps og taka þannig þátt í þessu sjálfbodaliðastarfi, sem við erum að vinna varðandi villiketti“, bætir Guðný við. Þá má geta þess að Villikettir á Suðurlandi eru komnir með sína eigin Facebook síðu þar sem fólk er hvatt til að smella einu læki á hana og fylgist þar með starfinu á Suðurlandi.

Einnig ef það eru einhver villikatta erindi sem tilheyra þessum landshluta þá má endilega senda skilaboð í gegnum Suðurlands síðuna.

Þar má einnig sjá styrktarrekning deildarinnar á Suðurlandi en hann er 0111 – 26 – 73030 og kennitalan er 710314-1790 fyrir áhugasama, sem vilja styrkja starfið.

Guðný á Ormsstöðum er mikil kattakona og vinnur sjálftboðavinnu fyrir Villiketti á Suðurlandi við að handsama ketti og hugsa um þá. Hún á sæti í stjórn félagsins. Hér er hún með sinn eigin kött á Ormstöðum, það er læðan Snoppa, sem er sex ára.



Guðný er með nokkra villiketti á Ormsstöðum þar sem hún er að spekja þá og gera þá hæfa til að fara inn á heimili. Það getur tekið töluverðan tíma en tekst yfirleitt mjög vel. Ljósmyndir/Magnús Hlynur Hreiðarsson.



**Opnum Hvítasunnuhelgina 30. maí 2020**

Upplýsingar á facebook, [sveitagardur@gmail.com](mailto:sveitagardur@gmail.com)  
sími 866-5168 eða 898-1599  
Kíkið á okkur á Facebook / Sveitagarðurinn-  
Familypark  
eða Instagram / sveitagardurinn.



669-0108  
694-8405

Opið alla virka daga frá 10 - 16



**Verið hjartanlega velkomin.**

*Opinn fundur verður haldinn í Félagsheimilinu Borg  
fimmtudagurinn 11. júní nk. kl. 19:30*

Dagskrá:

1. Ársreikningur Grímsnes- og Grafningshrepps 2019.
2. Endurskoðun aðalskipulags
3. Önnur mál.



*Sveitarstjórn*

## Sóknarnefnd Mosfellssóknar hefur ákveðið eftirfarandi framkvæmdir við kirkjugarðinn á Stóru-Borg :

Uppræta illgresi, lagfæra garðflöt og endurtyrfa, grisja trjágróður, lyfta upp og rétta við fallin minnismerkni, fjarlægja ónýta leiðisramma og annað til segrunar kirkjugarðsins. Einnig er fyrirhugað að lagfæra núverandi steyptan vegg sem umlykur kirkjugarðinn,

Þeir sem hafa eitthvað við framkvæmd þessa að athuga eru vinsamlega beðnir að hafa samband við sóknarnefndarformann

Hörð Óla Guðmundsson, Haga II,  
í síma 486-4473/863-4573 eða

netfang [hordurol@gmail.com](mailto:hordurol@gmail.com) innan átta vikna frá birtingu auglysingar þessarar sbr. Lög um kirkjugarða frá 4. maí 1993



## Aðalfundur skógræktarfélags Grímsneshrepps

Verður haldin fimmtudaginn 14. maí kl. 20.00 í Félagsheimilinu Borg  
(virðum tveggja metra regluna)

Venjulega aðalfundarstörf  
Stjórnin



**Hjálparsveitin TINTRON**  
Styrktarrekningur sveitarinnar er  
0586-26-456 kt. 490487-1319



## HÓLABÚÐIN



Við höfum opnað verslun í Laugardalshólum og erum við með nauta- og lambakjöt ásamt ýmsum hannyrðum til sölu.

Verið hjartanlega velkomin.  
Erum á facebook undir [Laugardalshólar](#).  
Opnunartími verslunar er:  
Mán-fimtudag kl. 13-18  
Föstudag kl. 13-21  
Laugardag og Sunnudag kl. 13-17

BORGARSMIÐUR

Tek að mér alhliða smíðavinnu



ÞORKELL  
ÞORKELSSON

GSM: 848-3857

Netfang: 8483857@gmail.com



Jóhann Baldursson - ☎ 892 0518

Már Jóhannsson - ☎ 866 6068

Rafvirkjameistarar

ASKALIND 7 – 201 KÓPAVOGUR  
KRINGLA 2 – GRÍMSNESI 801 SELFOSS

# íþróttamiðstöðin Borg Vetraropnun

19. ágúst 2019 - 23. maí 2020

- fimmtudaga

kl. 14 - 22

Lokað

kl. 10 – 18

sumardaga

kl. 10 – 18



Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum.

Heimasíða: [www.gogg.is](http://www.gogg.is)

Netfang: [sundlaug@gogg.is](mailto:sundlaug@gogg.is)

Sími 480 - 5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.

Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.

Efni í blaðið berist fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng: [linda@gogg.is](mailto:linda@gogg.is) eða [gogg@gogg.is](mailto:gogg@gogg.is)